

Þarft þú að skila skattframtali í Bandaríkjunum?



SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Icelandic Financial Services Association

FATCA

FATCA (e. **Foreign Account Tax Compliance Act**) eru bandarísk lög sem er ætlað að koma í veg fyrir skattaundanskot bandarískra skattgreiðenda. Íslensk og bandarísk stjórnvöld vinna að gerð samnings milli ríkjanna um upplýsingagjöf á sviði skattamála í tengslum við FATCA. Flest ríki Evrópu hafa nú þegar gert slíkan samning og þar með talin hin Norðurlöndin.

Hvaða áhrif hefur FATCA?

Frá og með 1. júlí 2014 þurfa íslensk fjármálafyrirtæki að bregðast við FATCA með því að halda til haga upplýsingum um eignir sem bandarískir skattgreiðendur, einstaklingar og lögaðilar, eiga hjá fjármálafyrirtækjum á Íslandi.

FATCA nær til eigna þeirra einstaklinga sem ber að greiða skatt eða skila skattframtali í Bandaríkjunum. FATCA hefur einnig áhrif á lögaðila ef bandarískur einstaklingur eða fyrirtæki, fer með ráðandi hlut í þeim.

Upplýsingagjöfin nær til allra sem eru með bandarískt ríkisfang eða eru skattskyldir í Bandaríkjunum. Hafa ber í huga að með skattskyldu er átt við að viðkomandi sé framtalsskyldur í Bandaríkjunum þó að tiltekna tekjur komi ekki til skattlagningar í Bandaríkjunum vegna ákvæða tvísköttunarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

FATCA gerir þá kröfu á íslensk fjármálafyrirtæki að

þau kanni hvort að viðskiptavinir falli undir eitt af eftirfarandi skilyrðum:

1. Bandarískur ríkisborgararéttur, einnig hjá þeim sem eru með tvöfaldan ríkisborgararétt;
2. Föst búseta í Bandaríkjunum;
3. Dvalar- og atvinnuleyfi í Bandaríkjunum, þ.e. handhafi græna kortsins;
4. Skráð heimilisfang í Bandaríkjunum, þ. á m. skráð pósthólf;
5. Regluleg fyrirmæli um greiðslur til Bandaríkjanna;
6. Prókuruhafi á reikningi viðkomandi er með heimilisfang í Bandaríkjunum.

Þetta er gert með því að samtvinna upplýsingaöflun vegna FATCA við framkvæmd áreiðanleikakannana fjármálafyrirtækja á viðskiptavinum. Ef í ljós kemur að viðskiptavinur fellur undir eitthvað af þessum skilyrðum þá kann fjármálafyrirtæki að óska eftir frekari upplýsingum á grundvelli FATCA.

Hvað þurfa viðskiptavinir að gera?

Þeir sem stofnuðu til bankaviðskipta fyrir 1. júlí 2014 og falla undir FATCA þurfa ekkert að aðhafast. Fjármálafyrirtækin munu hafa samband við viðskiptavini sem geta verið skattskyldir og óska eftir frekari upplýsingum sem tengjast FATCA.

Þeir sem stofna til bankaviðskipta frá og með 1. júlí 2014 og falla undir FATCA þurfa að fylla út eyðublað

bandarískra skattýfirvalda um hvort þeir séu skattskyldir í Bandaríkjunum. Ef það er raunin þurfa þeir jafnframt að gefa upp auðkennisnúmer bandarískra skattgreiðenda (e. Taxpayer Identification Number – TIN) og skila til fjármálafyrirtækja öðrum gögnum eftir því sem við á hverju sinni. Þegar samningurinn um upplýsingagjöf á milli Íslands og Bandaríkjanna vegna FATCA hefur tekið gildi munu íslensk skattýfirvöld fá upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum á Íslandi um eignir og innstæður yfir ákveðnum fjárhæðum í eigu bandarískra skattgreiðenda og miðli þeim síðan til bandarískra skattýfirvalda.

Hvað gerist ef ég veiti ekki umbeðnar upplýsingar?

Þegar samningur um upplýsingagjöf milli Íslands og Bandaríkjanna vegna FATCA hefur tekið gildi er gert ráð fyrir að fjármálafyrirtæki beri að tilkynna ríkisskattstjóra um bandaríska skattgreiðendur sem eru í viðskiptum við viðkomandi fjármálafyrirtæki og hafa ekki veitt umbeðnar upplýsingar. Ríkisskattstjóri mun svo upplýsa bandarísk skattýfirvöld.

Hvaða áhrif hefur FATCA á mig ef ég er ekki skattskyld/ur í Bandaríkjunum?

FATCA mun ekki hafa nein áhrif á viðskipti flestra þeirra sem eiga í viðskiptum við íslensk fjármálafyrirtæki þó svo að þeir kunni að falla undir eitthvað af skilyrðunum. Í þeim tilfellum þarf fjármálafyrirtækið að fá staðfestingu á því hvort að viðskiptavinur sé skattskyldur í Bandaríkjunum. Það er gert með einfaldri upplýsingaöflun.

Hver fær upplýsingar um mig?

Þegar samningur um upplýsingagjöf milli Íslands og Bandaríkjanna hefur tekið gildi er gert ráð fyrir að að fjármálafyrirtæki sendi ríkisskattstjóra upplýsingar samkvæmt FATCA. Ríkisskattstjóri mun svo upplýsa bandarísk skattyfirvöld um eignir og innstæður skattskyldra aðila í Bandaríkjunum.

Hafa Bandaríkjamenn heimild til að fá þessi gögn?

Eftir að samningur um upplýsingaskipti á milli Íslands og Bandaríkjanna tekur gildi, munu íslensk skattyfirvöld fá upplýsingar frá íslenskum fjármálafyrirtækjum, um eignir og innstæður á reikningum viðkomandi og koma þeim áleiðis til bandarískra skattyfirvalda, á grundvelli ákvæða í lögum um tekjuskatt og á grundvelli tvísköttunarsamnings og væntanlegs samnings um upplýsingaskipti á milli landanna.

Hvaða áhrif getur það haft fyrir viðskiptavinum ef fjármálafyrirtæki starfar ekki samkvæmt reglunum?

Ef fjármálafyrirtæki utan Bandaríkjanna starfa ekki í samræmi við FATCA eiga þau og viðskiptavinir þeirra á hættu að vera skattlögð með 30% afdráttarskatti, sem dreginn yrði frá öllum greiðslum, sem telja má til tekna sem upprunnar eru í Bandaríkjunum, sem berast til viðkomandi fjármálafyrirtækis. Fjármálafyrirtæki um allan heim þurfa því að taka þátt í FATCA til þess að þau og viðskiptavinir þeirra beri ekki skaða af vegna afdráttarskatta.



SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Icelandic Financial Services Association